

SKIPULAGSSKRÁ

Pristasjóðsins.

1. gr.

Stofnandi.

Pristasjóðurinn er stofnaður af umhverfisráðuneytinu, kt. 571189-1519, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, til að annast eignarhald á DC-3 flugvélinni TF–NPK, Páli Sveinssyni. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum rekstur.

2. gr.

Framlag og tilgangur.

Stofnfé sjóðsins er flugvélin TF–NPK og er verðmæti hennar í bókum Landgræðslu ríkisins kr. 6.500.000, en raunvirði mun meira. Heimild er í fjárlögum ársins 2010 til að færa flugvélin á sjálfseignarstofnun en í 6. gr., lið 7.16 segir: „Að selja eða ráðstafa flugvél Landgræðslu ríkisins, Páli Sveinssyni TF–NPK, til félags eða sjálfseignarstofnunar sem sérstaklega verður stofnuð um rekstur og varðveislu hennar.“

Tilgangur með stofnun sjóðsins er eignarhald og varðveisla DC-3 flugvélarinnar Páls Sveinssonar, með það að markmiði að fela samtökum eða félagi á þeirra vegum rekstur, viðhald og varðveislu flugvélarinnar samkvæmt sérstökum samningi sem stjórn sjóðsins gerir þar um. Ekki er ráðgert að sjóðurinn hafi neinar tekjur af flugvélinni en heldur ekki gjöld. Sjóðnum er þó heimilt að taka við gjöfum, áheitum og framlögum frá aðilum sem veita vilja markmiðum sjóðsins brautargengi.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins er í Gunnarsholti, 851 Hellu.

4. gr.

Ábyrgð.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum.

5. gr.

Starfsemi.

Starfsemi sjóðsins á að tryggja eignarhald á flugvélinni Páli Sveinssyni og þátt hennar í flugsögu Íslands. Er það álit stofnanda að það verði best gert með því að tryggja að flugvélinni verði haldið í flughæfu ástandi. Í því skyni er stjórn félagsins heimilt að semja við samtök sem hafa þann tilgang að tryggja tilvist, viðhald og rekstur slíkrar flugvélar um rekstur hennar. Heimilt er að fela vörslu hennar með samningum slíkum samtökum eða félagi í þeirra eigu án endurgjalds enda verði um það samið að sjóðurinn beri engan kostnað af flugvélinni á samningstímanum. Skal það tryggt að keypt sé húftrygging á flugvélina og gangi tryggingabætur til sjóðsins komi til altjóns á vélinni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Þristavinafélagið tilnefnið einn mann í stjórn, Landgræðsla ríkisins einn og umhverfisráðuneytið einn. Jafn margir skulu með sama hætti vera skipaðir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Meirihluta atkvæða ræður úrslitum á fundum stjórnar. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Stjórn sjóðsins er óheimilt að framselja flugvélinu TF–NPK, Pál Sveinsson varanlega til þriðja aðila.

7. gr.

Starfssvið og skyldur stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans og að framfylgt sé meginmarkmiðum skipulagsskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin sér um að haldið sé bókhald fyrir sjóðinn.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnanda og Landgræðslu ríkisins. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa Landgræðslu ríkisins skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki Landgræðslu ríkisins. Breyting á skipulagsskrá þarf einnig að hljóta samþykki meirihluta stjórnar.

10. gr.

Slit sjóðsins.

Sjóðnum verður slitið ef stjórn hans samþykkir einróma slíka tillögu. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir slitum. Við slit skal flugvélin TF-NPK, Páll Sveinsson ganga til Landgræðslu ríkisins enda skal þá stofnunin leitast við að varðveita flugvélina og tengsl hennar við flugsögu Íslands. Sé um aðrar eignir sjóðsins að ræða skal þeim varið til hinna sömu markmiða.

11. gr.

Reikningar.

Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn sjóðsins ræður til eins árs í senn.

12. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. desember 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.